

Starfsemi Félags forstöðumanna ríkisstofnana 2002-2003

Skýrsla formanns flutt á aðalfundi 5. júní 2003

Skýrsla þessi nær yfir starfsemi félagsins frá 15. maí 2002 til 5. júní 2003.

Í stjórn félagsins á þessu starfsári sátu:

Magnús Jónsson veðurstofustjóri, formaður

Sigurður Guðmundsson landlæknir, varaformaður

Ingibjörg Ásgeirsdóttir forstjóri Námsgagnastofnunar, gjaldkeri

Sigríður B. Guðjónsdóttir sýslumaður, ritari

Bragi Guðbrandsson forstjóri Barnaverndarstofu, meðstjórnandi

Í varastjórn sátu:

Björn Karlsson brunamálastjóri

Óli H. Þórðarson framkvæmdastjóri Umferðarráðs

Sölvi Sveinsson skólameistari

Stjórnarfundir og nýir félagar

Á starfsárinu voru haldnir sex formlegir stjórnarfundir. Alls voru 11 nýir félagar teknir inn í félagið. Í lok starfsárs eru félagsmenn 123.

Félagsfundir

Auk aðalfundar voru haldnir þrjár félagsfundir á vegum félagsins á starfsárinu, auk þess sem haldinn var ráðstefna í samvinnu við nýja stofnun HÍ sem ber nafnið “Stofnun stjórnsýslufræða og stjórn mála” Þann 6. nóvember var haldinn fundur um “stöðu stofnana og forstöðumanna þeirra gagnvart framkvæmdavaldi og löggjafarvaldi”, þar sem alþingismennirnir Björn Bjarnson og Steingrímur J. Sigfússon höfðu framsögu. Liðlega 40 félagsmenn sóttu þennan fund og voru erindi framsögumanna hin áhugaverðustu svo og umræður um þau.

Þann 28. mars gekkst Stofnun stjórnsýslufræða og stjórn mála fyrir ráðstefnu í samstarfi við FFR sem bar yfirskriftina “Áhrif umbóta í ríkisrekstri 1991–2000”. Aðalframsögumaður var Dr. Ómar H. Kristinsson stjórn málafræðingur en auk hans fluttu stutt erindi þeir Friðrik Sophusson fyrrverandi fjármálaráðherra og Magnús Pétursson fyrrverandi ráðuneytisstjóri. Í pallborðsumræðum tóku síðan þátt auk framsögumanna þeir Sigurður Þórðarson ríkisendur-

skoðandi, Birgir Björn Sigurjónsson fyrrverandi framkvæmdastjóri BHM og Þorkell Helgason orkumálastjóri og fyrrverandi ráðuneytisstjóri. Ráðstefnustjóri var Guðlaug Sigurðardóttir fyrrverandi ráðuneytisstjóri. Talsvert á annað hundrað manns sótti þessa ráðstefnu sem þótti afar áhugaverð og vel heppnuð. Var henni gerð góð skil í fjölmiðlum og skapaðist umræða í samfélaginu um þau sjónarmið sem þarna komu fram.

Nokkur umræða fór fram í vetur innan stjórnar um það, hvort grundvöllur væri fyrir því að halda félagsfundum utan höfuðborgarsvæðisins. Var ákveðið að gera tilraun með slíkan fund og var hann haldinn í Háskólanum á Akureyri 11. apríl. Efnið var “staða opinberrar stjórnarsýslu á landsbyggðinni”. Framsögumenn voru þeir Kristján Þór Júlíusson bæjarstjóri á Akureyri, Magnús Guðmundsson forstjóri Landmælinga Íslands og Þorsteinn Gunnarsson rektor Háskólans á Akureyri. Um 25 manns sóttu fundinn og var honum gerð góð skil í fjölmiðlum bæði norðan heiða og sunnan. Má segja að þessi fyrsta tilraun félagsins með fundahald úti á landi hafi tekist framar vonum.

Loks var svo haldinn félagsfundur 30. apríl þar sem framsögumaður var Garðar Garðarsson lögfræðingur og formaður Kjaradóms. Kallaði hann erindi sitt “Kjaradómur; saga, reynsla og breytingar (?)”. Um 30 félagsmenn sóttu fundinn, og þrátt fyrir nokkra lögfræði og lagatúlknanir í erindi formanns Kjaradóms var það einkar fróðlegt og skemmtilegt svo og umræður sem fylgdu í kjölfar þess.

Stofnanaheimsóknir

Eins og á undanförunum árum voru stofnanir sóttar heim á starfsárinu. Þann 15. nóvember bauð Þorkell Helgason orkumálastjóri til kynningar á Orkustofnun. Orkustofnun var eins og mörgum er kunnugt valin fyrirmyndarstofnun 2002 og var fróðlegt að kynnast starfsemi stofnunarinnar og fyrirhugðum breytingum sem þar stóðu fyrir dyrum. Um 30 manns komu til þessarar kynningar sem lauk með því að boðið var upp á góðar veitingar í mötuneyti stofnunarinnar.

Hinn 28. mars buðu síðan þau Indriði H. Þorláksson ríkisskattstjóri, Ingibjörg Ásgeirsdóttir forstjóri Námsgagnastofnunar og Stefán Thors skipulagsstjóri til sameiginlegrar kynningar á stofnunum þeirra. Þessar stofnanir deila húsnæði á Laugavegi 166 (Víðishúsið). Tæplega 20 manns mættu til þessarar kynningar sem lauk með rausnarlegum veitingum þessara félaga okkar. Vil ég færa þeim forstöðumönnum sem buðu til þessarra heimsókna sérstaklega fyrir myndarlegar móttökur og góðar kynningar.

Almennt má segja að því miður hafa svona heimsóknir ekki verið nógu vel sóttar. Það er skoðun mín, að engan veginn sé nægjanlegur áhugi manna á að koma til þessarra stofnanakynninga og takmörk fyrir því hversu mikla vinnu forstöðumenn þeirra og aðrir starfsmenn eiga að leggja á sig fyrir þá tiltölulega fáu sem mæta. Skoða verði því hvort ekki verði að leggja þessar heimsóknir af eða þá að finna þeim breytt form.

Kjararáð og kjarabarátta

Á síðasta aðalfundi voru kynnt þau áform að mynda sérstakt kjararáð innan félagsins til að beita sér sérstaklega í samskiptum við Kjaranefnd o.fl. Skúli E. Þórðarson skattrannsóknastjóri var valinn formaður kjararáðsins en með honum voru þau Magnús Jónsson veðurstofustjóri og Sigríður B. Guðjónsdóttir sýslumaður.

Þann 17. maí var Kjaranefnd send ályktun aðalfundar um kjaramál en í þeirri ályktun var einkum vikið að því hve langt bil hefði á síðustu árum skapast milli þróunar launavísitalna og launa sem Kjaranefnd úrskurðar forstöðumönnum. Þá var skorað á Kjaranefnd að fylgja þeirri þróun eftir að draga úr vægi yfirvinnugreiðslna en hækka grunntaxta. Til að fylgja þessu eftir átti kjararáðið síðan þrjú formlega fundi með allri Kjaranefnd, þ.e. 19. júní, 16. september og 18. desember. Auk þess hittu formaður kjararáðs formann Kjaranefndar á formlegum fundi þ. 18. október. Loks má svo geta þess að kjararáðið sendi Kjaranefnd með afriti til Kjaradóms minnisblað um þessi mál þann 12. nóvember 2003.

Af þessu má sjá að stjórn félagsins og kjararáð reyndi talsvert til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri gagnvart þeim sem um þessi mál fjalla. Er það skoðun undirritaðs að það hafi skipt nokkru máli þegar litið er til úrskurða Kjaranefndar á þessu starfsári, bæði þeim sem tók gildi 1. júní 2002 og þó einkum úrskurði sem tók gildi 1. janúar 2003. Í þessum úrskurðum vísar Kjaranefnd í forsendum sínum beinlínis til skoðana FFR og málflutnings. Raunar er ég sannfærður um, að málflutningur okkar í FFR hefur einnig haft áhrif á umdeildan úrskurð Kjaradóms sem kveðinn var upp sl. kosningadag til Alþingis 10. maí. Fannst mér þar hafa verið stigið mikilvægt skref í rétta átt er varðar þá embættismenn og kjörna fulltrúa sem heyra undir dóminn. Sá úrskurður ætti að veita Kjaranefnd meira svigrúm í framtíðinni en hún telur sig hafa haft hingað til.

Þrátt fyrir að við séum vafalaust ekki sáttir við þau kjör sem við búum við, tel ég að umtalsverður árangur hafi náðst á þeim vettvangi á síðustu árum. Einkum þykir mér ástæða til að lýsa yfir ánægju minni með verulega bætt kjör þeirra fyrrum félaga okkar sem eru á

eftirlaunum en þar hefur ávinningurinn orðið mestur. En hvað sem liður ánægju manna eða óánægju með kjör sín vil ég fyrir hönd okkar allra sérstaklega þakka formanni kjararáðs félagsins, Skúla Eggerti Þórðarsyni, vel og ötullega unnið starf. Hann hefur verið sífellt á vaktinni gagnvart Kjaranefnd og óþreytandi við að koma sjónarmiðum okkar á framfæri.

Önnur starfsemi

Á starfsárinu fékk stjórn félagsins eitt þingmál til umsagnar, en það varðaði rafræna stjórnsýslu sem vafalaust verður tekin upp í vaxandi mæli á næstu árum. Þá tók Björn Karlsson brunamálstjóri fyrir hönd stjórnar FFR þátt í samstarfi við fjármálaráðuneytið, SFR og BHM um skipulag fræðsluátaks í samningagerð og fleiru er varða samskipti stofnana við trúnaðarmenn og aðra fulltrúa stéttarfélaganna. Er það átak í gangi og á að ljúka síðla árs 2004. Loks má nefna að einstaklingar í stjórn félagsins lögðu til pistil í hvert fréttabréf fyrir forstöðumenn sem fjármálaráðuneytið gefur út á um ársfjórðungs fresti.

Loks reyndi stjórn félagsins að fylgja eftir tilraunaverkefninu um einstaklingsbundna stjórnendabjálfun sem lauk í fyrra og unnið var í samstarfi við fjármálaráðuneytið. Á fjárlögum ársins eru ætlaðir nokkrir fjármunir til þess að koma kerfisbundið á slíkri fræðslu en ennþá hefur ekki orðið af framkvæmd. Skilst mér að ákveðið hafi verið í fjármálaráðuneytinu að taka þetta mál upp eftir kosningar nú í vor og verða því vonandi stigin nokkur skref í þessu máli síðar á árinu.

Fjárhagur

Fjárhagur félagsins er traustur þótt ekki séu miklar eignir. Um 170 þús. kr. voru eftir af tekjum ársins þegar útgjöld höfðu verið greidd og eignir félagsins í lok starfsárs eru um 650 þúsund krónur. Stærsti einstaki útgjaldaliðurinn er rekstur á heimasíðu félagsins en útgjaldafrekasti liður fyrri ára, póstkostnaður er nánast alveg horfinn. Allir fundir eru nú einungis boðaðir með tölvupósti.

Siðareglur

Á síðasta aðalfundi kynnti Bragi Guðbrandsson drög að siðareglum sem þáverandi stjórn hafði ákveðið að leggja nokkra vinnu í. Umræður urðu nokkrar á þeim aðalfundi og fannst okkur í stjórninni undirtektir félagsmanna vera fremur varkárar og jafnvel neikvæðar. Við lögðum þetta mál þess vegna á ís í vetur, þótt ég og fleiri telji að þetta sé viðfangsefni sem eðlilegt sé að skoða mun betur.

Ríkisendurskoðun hefur sett sér siðareglur sem birtar eru á heimasíðu stofnunarinnar og hefur þannig gefið ákveðinn tón í þessu sambandi. Ýmis mál, sem upp hafa komið á síðustu misserum hafa verið forstöðumönnum almennt og félaginu erfið og því tel ég ekki óeðlilegt að við reyndum að skerpa á þeim reglum, siðum og normum sem við viljum að starfað sé eftir í opinberri stjórnslu. Ég sé ekki hættuna í því þótt ég telji að hæpið sé að setja á laggirnar einhvers konar siðanefnd sem fjalli um erfið mál eða meint brot á siðareglum sem upp kunna að koma meðal forstöðumanna. Hafa verður í þessu sambandi líka í huga, að aðeins um helmingur forstöðumanna ríkisstofnana er í félaginu. Hvað um það tel ég að það sé einnar messu virði að ræða þessi mál mun betur á næsta starfsári.

Lokaorð

Um þessar mundir eru sex ár síðan ég var fyrst kosinn í stjórn félagsins og fjögur ár síðan ég tók við formennsku í því. Þótt fjögur ár séu í sjálfu sér ekki langur tími, þykir mér, að tími sé kominn til að fá “nýjan karl í brúna” eins og stundum er sagt. Ég hef því ákveðið að láta af stjórnarstörfum í félaginu nú. Vil ég nota þetta tækifæri til að þakka öllu því góða og skemmtilega fólki sem ég hef starfað með í stjórn félagsins á þessum sex árum. Þar hefur engan skugga borið á og samheldni verið mikil. Það hefur verið bæði lærdómsríkt og gefandi að starfa fyrir félagið og með þeim samskiptum hef ég kynnst mörgum forstöðumönnum og ýmsum öðrum sem ólíklegt að ég hefði kynnst nema í gegnum þetta starf. Kunningsskapur og vinátta sem orðið hefur til í þessum hópi er mér mikils virði. Að lokum vil ég svo óska félaginu og stjórnendum þess alls hins besta í framtíðinni og ég er viss um að við öll munum njóta góðs af starfi þess í bráð og lengd.

Magnús Jónsson